

**Ed.**

**462. Nefndarálit**

**[40. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaður telur ótímabært að gera breytingu á stöðu Útflutningsráðs Íslands miðað við það hve skammur tími er liðinn frá stofnun þess. Þá mæla engin rök með því að starfsemi ráðsins sé betur komin undir verndarvæng utanríkisráðuneytisins. Undirritaður er því andvígur þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Um frekari rökstuðning fyrir þessari afstöðu vísast til nefndarálits 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um útflutningsleyfi o.fl. á þskj. 461.

Alþingi, 30. des. 1987.

Júlíus Sólnes.